

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 703 6. desember 1982 um bann við togveiðum  
í Pverál og Strandagrunni.**

1. gr.

Ný málsgrein komi eftir 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar og orðist hún svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að stunda veiðar með flotvörpu og botnvörpu frá kl. 18,00 15. desember 1982 innan þessa bannsvæðis á svæði, sem að vestan markast af C-loranlínunni 46700 og að austan af 46800.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.